

## Skólaráðsfundur

<b>FUNDARGERÐ</b>	Tílefni fundar		
	Fimmti fundur skólaráðs		
Dags. fundar	Tími	Staður	Nr. fundar
11. mars 2013	(08:10 – 10:00)	Skólastjóráskrifstofa, Hjalla	5
Fundarboðandi	Fundarritari	Fundarstjóri	Fj. bls.
Sigrún B.	Sigrún Guðm.	Sigrún B.	1

Boðaðir voru:
Sigrún Bjarnadóttir, Anna Guðný Björnsdóttir, Sigrún Guðmundsdóttir, Hallgrímur Geir Gylfason, Selma Guðmundsdóttir, Ragnheiður Bóasdóttir, Össur Geirsson, Guðrún Kara Valgarðsdóttir og Anna Björg Friðriksdóttir.
Mættir voru:
Allir nema Össur.
Málefni fundar:
<ol style="list-style-type: none"> <li>1. Ytra mat</li> <li>2. Starfsár 2013-2014</li> <li>3. Bréf vegna foreldrasamstarfs</li> <li>4. Opinn fundur skólaráðs</li> <li>5. Önnur mál</li> </ol>

Málefni	Niðurstaða
1. Ytra mat	Álfhólsskóli var valinn einn af þremur grunnskólum af Námsmatsstofnun til að taka þátt í ytra mati. Þóra Björk Jónsdóttir og Hanna Hjartardóttir munu koma og kynna þetta fyrir starfsfólki. Þrjú þættir verða skoðaðir, stjórnun, nám og kennsla og vinnubrögð við innra mat. Tekin verður vika á tímabilinu 2. apríl – 3. maí í samtöl við starfsmenn, foreldra og nemendur. Niðurstöður verða síðan kynntar í lok maí.
2. Starfsár 2013-2014	Mikið akstursálag er við skólana á morgnana og er verið að skoða hvort hentugt væri að láta stig skólans byrja á mismunandi tímum. Hefur m.a. komið upp sú hugmynd að láta unglíngastigið byrja seinna en nú er eða kl 8:30 til að dreifa álagi. Í athugun er hvort kennarar yngsta stigs kenni frá 1. -4. bekk og klári yngsta stigið og aðrir taki svo við á miðstigi. Kennarar fylgi þá ekki bekkjunum yfir í Hjalla eins og verið hefur síðustu ár. Nauðsynlegt að hafa kynningar fyrir foreldra þegar börnin fara yfir í Hjalla og líka fyrir foreldra 8 bekkina. Athugun á námskeiði fyrir foreldra barna sem eru að hefja skólagöngu í 1 bekk.
3. Bréf vegna foreldrasamstarfs	Bréf vegna foreldrasamstarfs á unglíngastigi. Athugasemd kom um að upplýsingaflæði frá umsjónarkennurum væri of lítið. Almenn þurfi að bæta og auka samstarf foreldra og skóla. Áhersla á að bekkjarkvöld verði haldin. Stefnumótunardagur sem verður 4. maí hugmynd að leggja þar áherslu á samskiptin.
4. Opinn fundur skólaráðs	Stefnt að því að halda opinn fund skólaráðs 17. apríl. Þar kæmu fram nokkur stutt innlegg t.d. frá fulltrúum skóla- og foreldrafélags og jafnvel formanni skólanefndar.
5. Önnur mál	Óveðursdagurinn 6. mars var til umræðu hvað megi betur fara varðandi boðleiðir. Öryggisteymi skólans verður kallað saman og athugað hvort eitthvað megi betur fara. Elstu stofurnar í Digranesi hafa verið teknar út vegna hita eða raka og kom í ljós að loft þar er of þurr og hefur verið brugðist við því. Næsti fundur verður 11. apríl.